

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikstöðin við Esjumela Reykjavík



Dags eftirlits	13.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Malbikstöðin við Esjumela	Eftirlitsmaður	
Heimili	Koparsléttu 6 - 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	540504-4660	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Vilhjálmur Þór Matthíasson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Harðarson	Staðsetning	64.195598 -21.695455

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram átta frávík frá lögum, reglugerðum og kröfum í starfsleyfi. Einnig voru settar fram þrjár ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Malbikstöðina ehf þann 13. ágúst 2025.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfis- og orkustofnun þann 10. febrúar 2022 og gildir til 3. júní 2036.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjöllum
- Umfang starfseminnar
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Umhverfismarkmið
- Verkstjórn
- Trygging vegna bráðamengunar
- Afsogsloft
- Innra eftirlit og vöktun
- Mælingar og vöktun
- Eftirlit með rykmyndun á lóð
- Græntbókhald, losunarbókhald, ársskýrsla
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

1. Niðurstöður síðasta eftirlits: Samkvæmt gildandi úrbótaáætlun átti úrbótum að vera lokið í september 2024. Rekstraraðili hefur ekki skilað niðurstöðum úr sýnatökunni af útblæstrinum og úrbótum því ólokið.

Í síðasta eftirliti voru skráðar tvær ábendingar. Önnur ábendingin varðaði teikningar af fräreennslislögnum og tengdum búnaði. Rekstraraðili hefur í huga að setja upp bensinstöð á nálægri lóð. Slík starfsemi verður undir eftirliti heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og skulu þessar teikningar vera hluti af starfsleyfisumsókninni þangað. Hin ábendingin varðar síuryk. Bætt hefur verið við búnaði til að bleyta rykið og loka nálægu niðurfalli og úrbótum því lokið.

2. Kynning á fylgiskjöllum: Í eftirlitinu var kynnt breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar og leiðbeiningar um olíuskiljur.

3. Umfang starfseminnar: Heimild er til að framleiða allt að 160 t/klst af malbiki. Rekstraraðili gat ekki í eftirlitinu gefið upp hversu mikið malbik er framleitt á hverjum tíma. En þegar vélarnar eru í fullri framleiðslu ná þær að framleiða um 140t/klst. Einnig er heimilt að vera með allt að 200m³ af biki og olíu á svæðinu og eldsneyti allt að 40 m³. Geymsla er innan þessara marka.

4. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar: Áætlun er til staðar og nýlega uppfærð. Þörf er þó á því að setja inn rétt tölvupóstfang og símanúmer hjá stofnuninni.

5. Umhverfismarkmið: Rekstraraðili er með skýr tímasett og mælanleg umhverfismarkmið. Þó var í eftirlitinu bent á að mikilvægt væri að hugsa markmiðin einnig til lengri tíma en bara næsta framleiðsluárs.

6. Verkstjórn: Rekstraraðili gat í eftirlitinu ekki sýnt fram á að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu þeirra efna sem það getur komist í snertingu við.

7. Trygging vegna bráðamengunar: Trygging er til staðar.

8. Afsogsloft: Skorsteinninn hefur verið lengdur og þrengdur til að auka afsogshraðann. Rekstraraðili gat þó ekki í eftirlitinu gefið upp hæð skorsteinsins en sendi inn upplýsingar að eftirlitinu loknu að hæð skorsteinsins er 17,5 metrar.

9. Innra eftirlit og vöktun: Farið var yfir þá þætti sem taldir eru upp í starfsleyfinu að halda skuli utan um í innra eftirlitinu. Rekstraraðili gat sagt og sýnt alla þá þætti.

10. Mælingar og vöktun: Rekstraraðili skal skv. starfsleyfi framkvæma mælingar vegna losunarmarkna á útblæstri og olíu í frænnisli einu sinni á ári. Skila skal niðurstöðunum til Umhverfis- og orkustofnunar innan mánaðar frá mælingum. Niðurstöðum fyrir frænnislismælingar fyrir árið 2024 var skilað þann 18. ágúst 2025 en ekki hafa borist niðurstöður fyrir 2025. Engar útblástursmælingar hafa borist fyrir árið 2024 né 2025. Samkvæmt niðurstöðunum frænnislismælinganna árið 2024 uppfyllir rekstraraðili ekki losunarmörk fyrir svifagnir. Ekki hafa borist upplýsingar hvernig rekstraraðili hyggst uppfylla losunarmörkin. Yfirfara skal olíuskilju og tæma eftir þörfum á sex mánaða fresti. Rekstraraðili gat í eftirlitinu ekki upplýst um það hvenær það var gert síðast. Að eftirlitinu lokni sendi rekstraraðili inn kvittun fyrir tæmingu olíuskyljunnar í september 2024. Í eftirlitinu kom fram að á olíuskiljunni er vöktunar búnaður en ekki þekking á því hvernig búnaðurinn skal prufaður né hvenær það skal hafa verið gert síðast.

11. Eftirlit með rykmyndun á lóð: Rekstraraðili er með myndavélaeftirlit sbr. starfsleyfi.

12. Grænt bókhald, losunarbókhald og ársskýrsla: Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir árið 2024. Útblástursmælingu vantar fyrir árið 2024 og 2025, frænnislismælingu fyrir 2024 var skilað 18. ágúst 2025 en vantar fyrir 2025.

13. Áhættumat: Farið var yfir áhættumatið í eftirlitinu. Rætt var um áhrif frávika á niðurstöður áhættumatsins.

14. Kvartanir: Stofnuninni hafa ekki borist neinar kvartanir vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

15. Annað: Starfsemin er vottuð skv. ISO 14001 og 9001.

16. Vettvangsferð: Gengið var um athafnasvæðið. Bent var á að árekstrarvarnir vantar á úrgangsolíutank. Talsvert magn af olíu hefur lekið niður í jarðveg við bensíntank.

Mörg niðurföll eru á lóðinni. Sum hver eru skv. rekstraraðila tengd við olíuskilju. Mikilvægt er að til staðar séu þéttingar svo auðvelt sé að loka niðurföllum ef óhapp verður.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
2.3 í starfsleyfi:	Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðili gat í eftirlitinu ekki sýnt fram á að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu þeirra efna sem það getur komist í snertingu við.
4.2 í starfsleyfi.	Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarkna í gr. 3.6 og 3.7. Rekstraraðili hefur ekki skilað mælingum vegna losunarmarkna á útblæstri fyrir árið 2024
Frá 4.2 í starfsleyfi.	Á a.m.k. sex mánaða fresti skal yfirfara virkni olíuskilju og tæma

sandfang/sandföng og skilju eftir þörfum, sbr. kröfur í gr. 3.7.
Rekstraraðili gat ekki upplýst um það hvort eða hvenær olúskiljan var yfirfarin undanfarna sex mánuði.

gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald

Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.

gr. 4.2 í starfsleyfi

Niðurstöður vegna losunarmælinga skal senda eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum.

Niðurstöður úr mælingum í frárennsli sem framkvæmdar voru 18. júlí 2024 bárust stofnuninni rúmu ári síðar þann 18. ágúst 2025.

7. gr. í reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg og 39. gr. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðilar atvinnurekstrar, skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun og skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun.

Stór olíuflekkur er undir olíugeymi á lóð. Engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir frekari mengun né hreinsa upp þá mengun sem komin er.

50. gr í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Allir olíugeymar skulu staðsettir eða varðir þannig að þeir verði ekki fyrir hnjaski frá farartækjum.

Úrgangsolíugeymur án allra árekstrarvarna er á lóð rekstraraðila.

gr. 3.7 í starfsleyfi.

Losunarmörk fyrir svifagnir í frárennslismælingum er 50 mg/l.

Samkvæmt efnagreiningu á sýni sem tekið var 18. júlí 2024 voru 66 mg/l af svifögnum í sýninu.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að setja sér umhverfismarkmið sem ná yfir lengra tímabil en einungis eitt ár.

Rekstraraðila var bent á að hafa þéttingar á niðurföll aðgengilegar.

Rekstraraðila var bent á að uppfæra tengiliða upplýsingar stofnunarinnar í áætlunum sínum.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 29.09.2025



Kristín Kröyer